

Alþingi
Erindi nr. P 138/1286
komudagur 10.3.2010

*Sveindís Anna Jóhannsdóttir, félagsráðgjafi.
Fulltrúi í stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands*

Heilbrigðis- og tryggingamálanefnd Alþingis
bt Þuríður Backman, formaður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10.03.2010


Minnisblað

Erindi: Heilbrigðisstarfsmenn, heilbrigðismál og félagsráðgjöf.

- Reglugerð um starfssvið mismunandi greina – greinar skarast óhjákvæmilega. Mikilvægt að vinna að viðmiðum fyrir þær starfsstéttir sem starfa við ráðgjöf og meðferð og eftirliti með þeim. Mikilvægt er að móta stefnu bæði í opinberri sem og einkarekinni þjónustu varðandi menntunar-, réttinda- og eftirlitsmál varðandi ráðgjöf og meðferð. Fagleg ráðgjöf og meðferð vs. skottulækningar (ráðgjafar í hinu og þessu). Grunnám, viðbótarnám og sérfræðiréttindi. Handleiðsla og fræðiskrif. Dr. Sigrún Júlíusdóttir hefur sent heilbrigðisráðuneyti minnisblað vegna málsins.
- Efnisleg lögverndun – reglugerð þarf að vera skýr og afmarkandi. Til langs tíma verið að fólk með minni menntun hafi verið ráðið í störf félagsráðgjafa – þrátt fyrir að einstaklingur með starfsréttindi hafi sótt um. Mikilvægt að hafa ráðningar tímabundnar og auglýsa á ný eftir ár t.d. ef ekki fæst aðili með tilskilin réttindi sbr. Jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ráðgjafi vs. félagsráðgjafi. Félagsráðgjafar bæði sem leiðsögumenn um kerfið og réttindamál en einnig þekktir fyrir meðferðarstörf - fjölskyldumeðferð eitt aðalsmerkja félagsráðgjafa. Algengast í barnavernd og félagsþjónustu, ekki þekkt dæmi úr heilbrigðisþjónustu. Höfum fundað með ráðherrum og landlæknum frá 2006 vegna þessa.
- Siðareglur – leggja faglegan og siðferðislegan grunn í starfi heilbrigðisstarfsmanna.
- Heilsugæslumálin og grunnþjónusta. Heilsuvernd og forvarnir. Tengslamyndun barns og foreldra fyrstu æviár barna. Uppeldisráðgjöf. Skilnaðarráðgjöf. Greining, mat og meðferð við geðheilbrigðisvanda barna og unglina. Nýja barnið á Akureyri. Meðferðarteymi barna í Gravarvogi. Niðurskurður í Reykjanesbæ á heilsugæslunni. Miklar áhyggjur FÍ vegna grunnþjónustu við börn og fjölskyldur. Ekki verið rannsakað hvort sálfélagslega þjónusta heilsugæslunnar þýði færri barnaverndarmál eða innlagnir á BUGL. Um 12-15% barna glíma við vægar geðraskanir en 2-5% þurfa á öflugri sértækri sérfræðiþjónustu á að halda. Gagnreyndar rannsóknir (Evidence based research) í fjölskyldumeðferð hafa ítrekað sýnt að meðferðarsambandið, þ.e. samband sjúklings og meðferðaraðila, er ein helsta forspá um árangur meðferðar.

- Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður. Rannsóknir benda til þess að um 35-45% þeirra sem leita til heilsugæslunnar séu með heilsufarsvanda af sálfélagslegum toga. Málum enn kastað á milli kerfa. Heilbrigðismál vs. félagsmál. Geðheilbrigðið barna og unglunga er eins og skilnaðarbarn þar sem hvorugt foreldrið vill hafa forsjána.
- Teymisvinna. Rannsóknir sýna að með góðri teymisvinnu mælist betri klíniskur árangur og ánægja skjólstæðinga er meiri. Einnig er þess getið að þverfagleg teymi veiti betri klíniska útkomu en „hefðbundin,, teymi lækna og hjúkrunarfræðinga.
- Til samræmingar við að teymisvinna veiti betri klíniska útkomu er ástæða til að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 12. gr. þar sem fjallað er um lækna ráð, hjúkrunarráð og fagráð. Fagráð komast ekki á laggirnar nema með samykki meirihluta lækna og hjúkrunarfræðinga. Mikilvægt er að þverfagleg þekking og reynsla nýtist stjórnendum og þarf því að breyta orðalagi greinarinnar í lögum og fella út ákvæði um samþykki meirihluta tveggja starfsstétta til að skipa fagráð.

f.h. Félagráðgjafafélags Íslands,


Sveindís Anna Jóhannsdóttir, félagráðgjafi,
fulltrúi í stjórn FÍ